



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 5.tbl.

Maí 2016



Uppsprettan 2016

Byggðahátíð í Skeiða – og
Gnúpverjahreppi helgina 18-19. júní.

Brokk og skokk · Party með Magga Kjartans

Landsleikur Em 2016, Ísland-Ungverjaland, á stóra tjaldinu

Leikhópurinn Lotta · Uppsprettumáltíð til sölu

Ratleikur fyrir alla fjölskylduna · Fróðlegir fyrirlestrar

Bjástrað á bæjunum - listmunir og afurðir · Myndbandsmaraðon

Hoppukastali og klifurveggur

**Hátíðin fer fram í Árnesi.
Hlökkum til að sjá ykkur!**



Menningar- og æskulýðsnefnd



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. júní 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu, Brautarholti.



Alltaf gaman, alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Alltaf til bækur - S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Breyttur opnunartími í Lyfju– útibúi Laugarási !

Lyfju– útibú í Laugarási S. 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við E- götu

vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Árnes opið:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt opið:

miðvikudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 13:00 - 15:00

Góðir sveitungar og aðrir!

Frágang á sorpi þarf að vanda mun betur!

Gámasvæðin hér eru móttökustöðvar en ekki flokkunar-
stöðvar.

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað

(í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Bændur góðir! Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er skítugt eða hreint, það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn. (Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson er umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Opinn íbúafundur um aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 í Árnosi þriðjudaginn 17 maí n.k.kl 20:00.



Dagskrá fundar:

1. Fundarsetning og kynning á frummælendum -Skafti Bjarnason oddviti
2. Skipulagsfulltrúi Uppsveita. Lagaumhverfi og skyldur -
Pétur Haraldsson
3. Endurskoðun aðalskipulags SKOGN 2017-2029 Skipulagsráðgjafi -
Gísli Gíslason og starfsfólk hans....
 - a. Verkefnið - skipulagslýsing
 - b. Verkaáætlun
 - c. Áherslur
4. Friðlýsingar. Hildur Vésteinsdóttir sérfræðingur hjá
Umhverfisstofnun
5. Páttur heimamanna- oddviti - sveitarstjórn
6. Fyrirspurnir og almennar umræður

Íbúar eru hvattir til að koma með hugmyndir um aðalskipulagið og áhugasamir sendi þær inn til sveitarstjóra á kristofer@skeidgnup.is eða komi þeim á skrifstofuna í Árnosi.

Skrifstofan er opin frá kl. 09-12 og 13 - 15 mánudaga - fimmtudaga
og 09 - 12 föstudaga. Sveitarstjóri.

Til Sölu!

Gróft hrossahey, 20 rúllur

Einnig nokkrar rúllur af finna heyi. ☺

Sími 894-1106 - Eiríkur Kristinn

Beint frá býli!

Ábendingar hafa komið frá frekar áhugasömum aðilum um hvar sé eiginlega hægt að kaupa vörur „**Beint frá býli**“ hér í sveitinni, og þá sérstaklega kjötmeti. Fólki finnst að þeir aðilar sem gera sig út fyrir það, séu ekki vel sjáanlegir og þá einkum í netheimum, því þar gerast hlutirnir!

Við köstum þessum bolta út til ykkar kjötframleiðendur góðir og aðrir og bjóðum ykkur að senda inn efni (auglýsingar) sem sett yrði inn á heimasíðuna www.skeidgnup.is undir linknum „Sveitarfélagið“ Við myndum þiggja mynd með til skrauts og lýsingar. Ef þið hafið áhuga, endilega sendið okkur eitthvað um starfseminna svo að fólk viti betur af ykkur. Neytandinn kallar á afurðir „**Beint frá býli.**“



Málið kemst í vinnslu ef þið sendið á netfangið kidda@skeidgnup.is

eða bara hringið í síma 486-6100.



Gjaldskrá Búnaðarfélags Skeiðamanna 2016

Lágmarksgjald fyrir öll jarðvinnslutæki er kr 4.000 á hvern sólarhring óháð notkun. Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu, ef ekki þá er tekið þrifagjald **kr. 22.000**. Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á tækjum og ber að tilkynna þau til umsjónarmanns. Umsjónarmaður tækjanna er Sigurjón Vilhjálmsson Hlemmiskeiði Tækin eru staðsett við Búnaðarfélagsskemmuna við Brautarholt. **Síminn hjá Sigurjóni er er 863-7111** Leigutíma á að senda til Sigurjóns með sms eða símleiðis strax og tæki er skilað

Næsta tæki verður ekki afgreitt fyrr en tímar eru komnir.

Loftpressa	2.080 kr/klst
Steypuhrærivél	1.390 kr/tökugjald
Haugsguga	4.620 kr/daggjald og 350 kr/km
Fjölnotadreifari	5.500 kr/daggjald og 350 kr/km
Pinnatætari	2.770 kr/klst
Vendiplógur	440 kr/km og 4.000 daggjald
Plógur	2.770 kr/klst
Jarðvegstætari	2.770 kr/klst og 8.500 fyrir hvern brotinn hníf
Sáðbeðsherfi	2.770 kr/klst
Valtari	2.770 kr/klst
Flaghefill	700 kr/klst
Kornsnigill	400 kr/tn
Kornsláttur	23.000 kr + hráolía og 6000 kr komugjald
Kornvals	2.770 kr/klst
Kerra	5.800 kr/daggjald
Flatvagn	100 kr/km og 4.620 daggjald

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2016

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími: **848-1619**

Gjaldskrá 2016 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna

Staurabor	1.100,- pr. klst.
Haugsuga 11,5 T	15.000 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T (Ný í fyrri)	17.000 kr pr. dag
Skádæla	9.500 kr pr. dag
Brunndæla	9.500 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	8.500 kr pr. dag
Pinnatætari	4.000 kr/klst,
Hnífatætari	4.000 kr/klst,
Flaghefill	3.000 kr/klst. Lágmarksgjald 4.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	4.500 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.500 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	3.000 kr/klst. Lágmarksgjald 6.000 kr.
Fjaðraherfi	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél	150 kr/poka, startgjald 4.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	7.500 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	5.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.000 kr/dag
Fjölnotakerra (tveimur fetum lengri en sú gamla)	6.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 8.000 kr/dag
Klaufskurðarbás fyrir fê NÝTT	7.000,- kr pr dag.
Slóði NÝTT	3.500,- kr / klst

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því, áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **16.000 kr**. Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka!!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað sendið þá Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum. Gsm. 848-1619

Búnaðarfélag Gnúpverja

27. sveitarstjórnarfundur Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn 19. apríl 2016 kl. 16:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til umfjöllunar og afgreiðslu

1. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2015. Lagður fram til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson Endurskoðandi sveitarfélagsins fór ítarlega yfir ársreikninginn og helstu staðreyndir hans. Talsverðar umræður urðu um ársreikninginn samþykkt að vísa afgreiðslu ársreiknings til síðari umræðu.
2. Endurskoðunarskýrsla KPMG 2015. Lögð var fram endurskoðunarskýrsla til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundinum. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi fór yfir skýrsluna.
3. Tillaga að afskriftum. Lögð fram tillaga að niðurfærslum óinnheimtra skatttekna.
4. KPMG. Skýrsla til sveitarstjóra- stjórnarsýsluskoðun. Skýrsla lögð fram og kynnt.
5. Eignarhaldsfélag Suðurlands. Kosning fulltrúa á aðalfund félags. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Kristófer Tómasson verði fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á aðalfundinum.
6. Hátíðahöld 17. Júní. Fyrirkomulag, kosning fulltrúa í nefnd. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Magnea Gunnarsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefnd.

Fundargerðir

7. Fundargerð Skipulagsnefndar 108. Fundur. Mál nr 4 og 5. Þarfnast af greiðslu. **Mál nr 4. Hraunvellir:** Ólafsvellir Dsk breyting. Heimild til að byggja allt að 1.000. m² þjónustu og gistihúsnæði. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að auglýsa breytinguna skv 1. Mgr 41. gr. skipulagslaga 123/2010

Mál nr 5. Búrfellsvirkjun, stækkun virkjunar. Lögð fram drög að samningi um eftirlit með framkvæmdum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við samninginn.

8. Fundargerð 2. fundar jafnréttisnefndar frá 05.04.2016. Lögð var fram fundargerð nefndarinnar, en þar var tekin fyrir Jafnréttisstefna sveitarfélagsins 2014-2018.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða Jafnréttisstefnu.
9. Samþykktir Skipulags- og byggingafulltrúa BS. Oddviti lagði fram og kynnti breytingu á samþykktum Byggðasamlags Skipulags- og byggingafulltrúa auk fjárhagsáætlunar samlagsins. Breytingar samþykktu og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.
10. Önnur mál. Sveitarstjóri sagði frá bréfi frá Búnaðarfélagi Gnúpverja þar sem ríftað er upp erindi er óskað var eftir að sveitarfélagið kaupi af félaginu hluta iðnaðarhúsnaðis sem það hyggst byggja. - Máli frestað til næsta fundar.

Mál tilkynningar

- A. Stjórnarfundur SASS nr 507.
- B. Afgreiðsla byggingarfulltrúa 31.03.2016.
- C. Íbúaskrá 8720. 1. Des 2015.
- D. Framlag nýbúafræðslu.
- E. Ferðapjónustudagurinn 2016.
- F. Jöfnunarsjóður vegna tónlistarnáms.
- G. Kynning Wapp 2016.
- H. Lýðræði í starfi Flúðaskóla.
- I. Tölulegar upplýsingar Skóla- og velferðarþjónustu
- J. Viðbragðsteymi heilbrigðisþjónustu.

Fundi slitið kl 18:20

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn miðvikudaginn

4. maí næstkomandi kl 14:00.

Fréttir frá Kvenfélagi Gnúpverja.

Hefðbundnu vetrarstarfi hjá félaginu fer senn að ljúka, en félagið heldur fasta þrjá fundi á ári, þ.e. haustfund, aðalfund og vorfund. Þar fyrir utan eru tómstundakvöld sem haldin eru með hálfgerðum baðstofustíl, en þar koma konur saman með handavinnu, bók til að lesa uppúr, segja frá einhverju skemmtilegu sem á daga þeirra hefur drifið, eða bara til að hittast og hafa gaman saman. Páskabingó fyrir börnin á vaxandi vinsældum að fagna og fer ekkert barn tómhent heim af þeirri samkomu. Barnaskemmtun um jól er haldin í samvinnu við Kvenfélag Skeiðahrepps, en samvinna á milli þessara félaga er mjög góð og hefur gengið mjög vel. Félagið ætlar að enda veturinn með því að fara í heimsókn til Færeyja í byrjun júní.

Kvenfélag Gnúpverja er ríkt af góðum konum sem eiga það sameiginlegt að vilja láta gott af sér leiða til samfélagsins og eru ósparar og jákvæðar á að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er þegar á þarf að halda. Félagskonur eru 44, þar af eru 12 heiðursfélagar. Þegar félagskonur verða 70 ára eru þær gerðar að heiðursfélögum og verða um leið án vinnuskyldu. En sem betur fer eru þær í flestum tilfellum hressar og halda áfram að starfa á sínum forsendum eins og heilsa og orka leyfir. Félagið hefur séð um erfidrykkjur og ýmsar aðrar veitingar sem óskað hefur verið eftir og reynum við að sníða veitingar eftir þörfum hvers og eins. Þetta er okkar aðal fjáröflun. Við erum líknarfélag og renna okkar peningar til góðgerðarmála, við höfum styrkt sjúkrahússjóð HSU með sölu á Kærleiksglum SSK sem koma út á hverju ári.

88. ársfundur SSK var haldinn í Þingborg laugardaginn 23. apríl s.l. Góður fundur með hefðbundnu sníði sem endaði á hátíðarkvöldverði í boði Flóahrepps.

Gestafyrirlestur þar var: RAUÐI KROSSINN OG NEYÐARVARNIR. SAMSTARFSMÖGULEIKAR VIÐ KVENFÉLÖGIN. Mjög áhugavert og var samþykkt að koma á samstarfi. En það sem stóð upp úr á fundinum fyrir okkar kvenfélag var kosning Kvenfélagskonu ársins og hlaut þann titil Rosmarie B. Þorleifsdóttir, fékk hún farandgrip með árituðum nöfnum þeirra sem hljóta titilinn, heiðursskjal og blómvönd.

Rosmarie tekur við viðurkenningunni úr hendi Elinborgar formanns SSK



Erum við ákaflega stoltar af okkar konu sem er vel að þessum titli komin og óskum henni innilega til hamingju.

Að endingu viljum við þakka fyrir velvild og hlýhug í okkar garð og minnum á að alltaf er pláss fyrir nýja félaga í okkar góða félagskap.

Með kærri kveðju,

stjórn kvenfélags Gnúpverja
Sigrún Símonardóttir, formaður
Bryndís Baldursdóttir, gjaldkeri
Berglind Bjarnadóttir, ritari

Okkur langar til að láta gamalt og gott ljóð fljóta með sem á alltaf svo vel við.

Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Svo oft leynist strengur í brjósti,
sem brast við biturt andsvar, gefið án saka.
Hve iðrar margt líf eitt augnakast,
sem aldrei verður tekið til baka.
(Einar Benediktsson.)



Kvenfélag Skeiðahrepps Vorfundur – skemmtiferð



Við ætlum að slá tvær flugur í einu höggi og skella saman vorfundi og skemmtiferð til Reykjavíkur laugardaginn 28. maí.

Lagt verður af stað með rútu frá Brautarholti kl.10:00. Fundurinn verður haldinn í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum í Reykjavík. Þar munum við fá kynningu á sögu og starfsemi hússins, skoða okkur um og snæða léttan hádegisverð í boði kvenfélagsins.

Síðan er áætlað að vera með frjálsan tíma í miðbæ Reykjavíkur og/eða kíkja í Kolaportið. Áður en haldið er heim á leið ætlum við að hittast á veitingastaðnum Caruso Austurstræði 22, kl. 17:30 og borða saman kvöldverð.

(Sjá matseðil á <http://www.caruso.is/>)

Kostnaður er kr. 1.000 í rútu og hver og ein borgar fyrir sig á Caruso.

Hægt er að skrá sig hjá stjórnarkonum og einnig inni í facebookhópi kvenfélagsins. Síðasti dagur skráningar er miðvikudagurinn 25. maí.

Vonumst til að sjá ykkur sem flestar - nýjar konur hjartanlega velkomnar.

Harpa Dís, 486-5562 / 899-9653

Dísa, 486-5572 / 661-2923

Matta, 486-5636 / 893-5636



Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Æsispennandi lokakeppni Uppsveitadeildar æskunnar lauk laugar-
daginn 7. maí með keppni í smala og skeiði í Reiðhöllinni á Flúðum.
Jafnari hefði stigakeppnin ekki getað verið í efstu sætum beggja flokka.



Smali Barnaflokkur

Röð	Knapi	Hestur	Aðildafélag	Stig
1	Dórey Þula Helgadóttir	Topar frá Hvammi 1	Smári	290
2	Aron Ernir Ragnarsson	Erró frá Neðra-Seli	Smári	285
3	Dorvaldur Logi Einarsson	Ísdöggi frá Miðfelli 2	Smári	275
4	Matthías Jens Ármann	Mávvur frá Stóra-Vatnsskarði	Logi	260
5	Hjörtur Snær Halldórsson	Gyðja frá Hrepphólum	Smári	250
6	Laufey Ósk Grimsdóttir	Aldís frá Ásatúni	Smári	240
7	Valdimar Örn Ingvarsson	Kóngur frá Fjalli	Smári	240
8	Anna-Lovisa Duerholt	Rauðhetta frá Höskuldsstöðum	Smári	230
	Hildur María Jóhannesdóttir	Sóley frá Áskoti	Logi	
	Eyþór Ingi Ingvarsson	Prins frá Fjalli	Smári	
	Freyja Linda Andrea Mattsson	Bardagi frá Kópavogi	Logi	
	Arnaldur Ármann	Dalrós frá Efra-Seli	Logi	
	Jón Valgeir Ragnarsson	Þyrnir frá Garði	Smári	

Smali Unglingaflokkur

Röð	Knapi	Hestur	Aðildafélag	Stig
1	Sigríður Magna Kjartansdóttir	Eyja frá Bræðratungu	Logi	300
2	Sölvi Freyr Freyðisarson	Áslaug frá Ármóti	Logi	290
3	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Frigg frá Hamraendum	Logi	250
4	Einar Ágúst Ingvarsson	Dama frá Fjalli 2	Smári	240

Flugskeið Unglingaflokkur

Röð	Knapi	Hestur	Aðildafélag	Tími
1	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Skemill frá Dalvík	Logi	3.01
2	Sigríður Magna Kjartansdóttir	Lukka frá Gýgjarhóli	Logi	3.58
3	Sölvi Freyr Freyðisarson	Melrós frá Bræðratungu	Logi	3.80
4	Einar Ágúst Ingvarsson	Dama frá Fjalli 2	Smári	x
	Aron Ernir Ragnarsson	Sólrún frá Efra-Langholti	Smári	3.80
	Dórey Þula Helgadóttir	Topar frá Hvammi 1	Smári	4.57
	Dorvaldur Logi Einarsson	Ísdöggi frá Miðfelli 2	Smári	4.66

Stigasöfnun		Samtals	Þrig	Fjörg	Fimmg	Tölt	Smali	Skeið
Barnaflokkur								
1	Bórey Þula Helgadóttir	Smári	34	4	10	10	10	
2	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	34	10	9	7	8	
3	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	34	8	8	9	9	
4	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	22.5	6.5	4	8	4	
5	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	22	3	7	6	6	
6	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	21.5	6.5	5	5	5	
7	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	15	9	6			
8	Matthías Jens Ármann	Logi	7	0			7	
9	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	7	2	2		3	
10	Salka Kristín Jónsdóttir	Logi	5	5				
11	Fróði Larsen	Logi	3		3			
12	Ingibjörg Bára Pálsdóttir	Smári	1	1				
Unglingaflokkur								
1	Sigríður Magnea Kjartansdóttir	Logi	45		9	10	7	10
2	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	44		7	9	10	8
3	Sölvi Freyr Freyðisarson	Logi	43		10	7	9	9
4	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	34		6	8	6	7
5	Eva María Larsen	Logi	22		8	6	8	
Smári			225	50	57	8	51	52
Logi			169	5	37	32	34	27

Æskulýðsnefndir Smára og Loga þakka kærlega þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg.



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er:



Munum það — í verki !

802

Ágætu íbúar! Lífræni afgangurinn!

Góðfúslega sendið okkur línu á ari@skeidgnup.is

ef ykkur vantar að grafin verði ný hola fyrir

lífræna afganginn. Farið verður í viku 19 og

nýjar holur gerðar. Ari í Áhaldahúsinu sér um verkið.

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta, lauk þann 8. apríl síðastliðinn í Reiðhöllinni Flúðum, með keppni í tölti og fljúgandi skeiði.

Áhorfendapallar voru þétt setnir þegar forkeppnin í tölti hófst. Að henni lokinni stóðu Sólon Morthens og Ólína frá

Skeiðvöllum efst með 7,30, en rétt á eftir voru Matthías Leó Matthíasson og Dáð frá Jaðri með 7,27. Efst í B - úrslitum urðu Jón William Bjarkason og Stjörnunótt frá Litlu Gröf með einkunnina 6,77. Þau gáfu síðan ekkert eftir í A - úrslitum og enduðu þar í öðru sæti með 7,56, á eftir Sóluni og Ólínu sem fengu 7,61. Matthías Leó og Dáð urðu í þriðja sæti með einkunnina 7,44, Guðjón Sigurðsson og Lukka frá Bjarnastöðum í því fjórða með 7,00 og Finnur Jóhannesson og Körtur frá Torfastöðum í fimmta sæti með 6,78 í einkunn.

Glæsilegir skeiðsprettir sáust í keppni í flugskeiði. En þar kom sá og sigraði ungur og efnilegur knapi, Árný Oddbjörg Oddsdóttir með hestinn Fálka frá Stóra Hofi. Hún gerði sér lítið fyrir og fór alla sína spretti á undir 3 sekúndum. Sigursprettinn fór hún á 2,96 sekúndum. Í öðru sæti var Guðjón Hrafn Sigurðsson á Hrafnhettu frá Minni-Borg með tímann 2,98 sekúndur. Í þriðja sæti varð Finnur Jóhannesson sem rann skeiðið á 3,03 á Tinnu Svört frá Glæsibæ.

Allt ungir og efnilegir knapar sem eiga framtíðina fyrir sér.

Lið Hrosshaga / Sunnuhvols réð lögum og lofum á lokakvöldi Uppsveitadeildarinnar.

Liðsmenn unnu bæði tölt og skeiðkeppnina. Í stigakeppni knapa urðu þeir Sólon Morthens og Arnar Bjarki Sigurðarson í tveimur efstu sætunum og liðið varð efst í stigakeppni liðanna. Glæsilegur árangur hjá liðinu.

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

LOGI



í samstarfi við



LOGI



Lokastaðan í stigakeppni liða varð þessi:

Hrosshagi / Sunnuhvoll	217 stig
Pálmatré	192,5 stig
Vesturkot	172 stig
Kílhraun	151 stig
Landstólpi	131,5 stig
Lið Límtré Vírnets	120 stig
JÁVERK	101,5 stig
Brekka / Dalsholt	97 stig

Efstu knapar í einstaklingskeppninni eru þessi:

Sólon Morthens	81,5 stig
Arnar Bjarki Sigurðarson	79,5 stig
Matthías Leó Matthíasson	69 stig
Guðjón Sigurliði Sigurðsson	64,5 stig
Finnur Jóhannesson	61 stig
Jón William Bjarkason	59,5 stig
Rósa Birna Þorvaldsdóttir	59 stig
Árný Oddbjörg Oddsdóttir	56 stig
Guðmann Unnsteinsson	55 stig

Frekari úrslit, viðtöl og myndir má finna á vefsvæði og facebook síðu Reiðhallarinnar Flúðum, www.reidhollin.is, [facebook.com/reidhollinfludum](https://www.facebook.com/reidhollinfludum).



Hrosshagi / Sunnuhvoll
Sigurvegarar Uppsveitadeildarinnar 2016.

Hestheimaferð Loga og Smára!

Helgina 28/5 og 29/5 ætlum við að fara aftur í okkar geysi vinsælu hestabúðir í Hestheimum. Eins og áður verður fjölbreytt dagskrá með reiðtúrum, bóklegri og verklegi kennslu, kvöldvöku og skemmtilegri samveru. Þetta tókst einstaklega vel í fyrra, þá var fyrsta skipti sem Smári og Logi fóru saman í Hestheima. Það er miðað við að börnin séu 10 ára og eldri. Ætlast er til að börnin séu vel hestvön. Verðið er mjög hagstætt 13.000 á barn og er allt innfalið. Ef þið þurfið að leigja hest þá er gjaldið 2.000 kr aukalega. Við ætlum að biðja foreldra að bjóða fram aðstoð með hverju barni sem er skráð. Þetta er allt sjálfboðavinna og hefur stundum verið erfitt að manna vaktirnar. Það er mjög gaman að taka þátt í þessu með krökkunum og geta allir haft gaman að. Við þurfum foreldra/frænkur/frændur/ömmur/afa til að manna alla reiðtúrana, aðstoða við að leggja á, aðstoð við að skreyta hestana (fléttur, borðar, glimmer og annað skemmtilegt!) aðstoð við bóklega kennslu, aðstoð við að setja upp sýninguna, næturgæslu (sérstaklega fyrir þau börn sem ekki eru vön að sofa annars staðar). Þannig að ef allir foreldrar bjóða fram 4-5 tíma aðstoð þá er þetta ekkert mál. Endilega látið vita hvað þið viljið helst gera.

Dagskrá:

Laugardagsmorgun 28/5. Mæting með hestana kl. 8:30 og þá verður strax byrjað að raða niður í hópa. Það mun vera full dagskrá: kennsla, reiðtúrar, kvöldvaka, skemmtiatriði, spurningakeppni, fleiri?? Gisting í svefnpokum.

Sunnudagurinn 29/5. Undirbúningur fyrir hestasýningu. Stilla upp atriði, skreyta hestana, finna tónlist osf. Kaffi og sýning fyrir foreldra kl. 16:00 Heimferð. Endilega hafið samband ef upp koma spurningar. Skráning með nafn og kennitölu fyrir hvert barn á:

smarakrakkar@gmail.com Athugið að takmörkuð pláss eru í boði og krakkarnir þurfa að vera skráðir í hestamannafélagið.

Kveðja - Æskulýðsnefnd Smára



Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Borg í sveit ☺

Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Taktu daginn frá

Laugardaginn 28. maí verður viðburðurinn

Borg í sveit – alvöru sveitadagur

í Grímsnes- og Grafningshreppi haldinn í annað skipti.

Þann dag munu fyrirtæki, bændur og einstaklingar í sveitarfélaginu taka höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.

Dagskrá verður auglýst síðar.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur.

Hrunaprestakall

Gleðilegt sumar kæru sveitungar.



Framundan eru fermingar á hvítasunnu og síðan þrjár guðsþjónustur í prestakallinu í júnímánuði, fram að sumarleyfi.

Dagskráin er sem hér segir:

15. maí – hvítasunnudagur: *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 (fermd verða Kolbeinn Loftsson og Anna Birta Schougaard).

Ferming í Hrepphólakirkju kl. 12:30 (fermd verða Máni Snær Benediktsson, Kristjana Sigmundsdóttir og Jónas Guðmundsson).

Ferming í Ólafsvallakirkju kl. 14 (fermd verða Ásgrímur Örn Jónasson og Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir).

16. maí – annar í hvítasunnu: *Ferming* í Hrunakirkju kl. 11 (fermdar verða Margrét Lilja Thorsteinson og Perla María Karlsdóttir).

5. júní: *Kvöldmessa* í Hrunakirkju kl. 20:30.

14. júní (þriðjudagur): *Kvöldmessa* í Hrunakirkju kl. 20:30 í tengslum við vísitásiu vígslubiskups og prófasts í Hrunaprestakalli.

17. júní: *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.

19. júní: *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11.
Kvöldmessa í Hrepphólakirkju kl. 20:30.

Messuhlé verður gert í júlímánuði en fyrstu messur eftir sumarleyfi verða um miðjan ágúst og verða þær nánar auglýstar síðar. Ég minni á heimasíðu prestakallsins hruni.is og einnig á fésbókarsíðuna -

[facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Með ósk um gleðiríkt og gjöfult sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.



**Tímappantanir í
síma: 856-1599**

28. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 4. maí 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir því að tveimur erindum verði bætt við dagskrá fundarins. Mál 32 Beiðni um umsögn um rekstur gististaðar. Mál 33. Beiðni frá Landgræðslunni um leyfi til gróðurrannsókna. Var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Mál til umfjöllunar og afgreiðslu

1. Minjastofnun, uppbygging á Stöng. Kristín Huld, forstöðumaður, Esther Jóhannsdóttir fjármálastjóri Minjastofnunar og Uggi Ævarsson minjavörður, mættu til fundar. Kristín Huld, Ester og Uggi gerðu athugasemd við bókun á 26. sveitarstjórnarfundum frá 6 apríl sl. Mál nr. 6. Varðar uppbyggingu á Stöng og nágrenni. Umræður urðu um málin og var farið sameiginlega yfir þau. Vinnufundur ákveðin í lok maí.
2. Extreme Iceland ferðaskrifstofa. Björn Hróarsson framkvæmdastjóri mætti til fundar ásamt Hildi Snjólaugu Bruun markaðsstjóra fyrirtækisins. Björn sagði frá áhuga sínum á að koma að uppbyggingu í ferðapjónustu í sveitarfélaginu.
3. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2015. Lagður fram til síðari umræðu. Rekstrareikningur: Heildartekjur A og B hluta 500.485 þkr. Rekstrargjöld fyrir af skriftir 489.095 þkr. Tap eftir afskriftir og fjármagnsgjöld 12.925 þkr.

Efnahagsreikningur: Fastafjármunir 693.960 þkr. Veltufjármunir 85.923 þkr. Eignir samtals 725.883 þkr. Eigið fé 567.403 þkr. Fjárfestingar í varanlegum rekstarfjármunum 25.309 þkr. Eiginfjárlutfall 81 %. Skuldahlutfall 32 %.

Gunnar Örn Marteinson lagði fram eftirfarandi bókun:

Sú staðreynd að árið 2015 sé sveitarfélagið í fyrsta skipti í áratug rekið með halla er ekki staða sem fólk vill sjá. Bent hefur verið á ákveðna hluti sem valda þessari niðurstöðu og skýri þetta tap, sumt af því á við rök að styðjast en þrátt fyrir það á staða sveitarfélagsins að vera það sterk að hægt sé að mæta óvæntum útgjöldum eins og komu á síðasta ári án þess að sveitarfélagið lendi í taprekstri. Skeiða-og Gnúpverjahreppur er öflugt sveitarfélag með góða tekjustofna en þeir eru ekki það öflugir að ekki þurfi að gæta aðhalds í rekstri og ekki er hægt að verða við öllu því sem óskað er eftir að framkvæmt sé.

Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2015 samþykktur samhljóða

4. Rekstaryfirlit málaflokka janúar - mars 2016. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti rekstaryfirlit málaflokka sveitarfélagsins fyrstu þrjá mánuði ársins 2016.

5. Erindi frá Búnaðarfélagi Gnúpverja. Iðnaðarhúsnæði. Lagt var fram erindi frá stjórn Búnaðarfélags Gnúpverja. Þar er boðið til kaups hluti iðnaðarhúsnæðis sem til stendur að byggja við Suðurbraut. Um ræðir 80 m² rými. Kaupverð ca 13.000.000 kr. Erindið var lagt fram áður vorið 2014 og er það samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að undirbúa kaupin fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt að sækja um 100 % lánsfjármagn vegna kaupanna hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Máli vísað til viðauka við fjárhags- og fjárfestingaáætlunar. Búnaðarfélagið óskar einnig eftir að sveitarfélagið taki þátt í að kaupa annað 80m² rými í húsinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ræða þann möguleika við stjórn Búnaðarfélagið.
6. Kaupsamningur Holtabraut 27. Lagður var fram kaupsamningur að fasteigninni Holtabraut 27. Kaupverð 18.600.000 kr. Fasteignakaupin og kaupsamningur samþykktur. Kaupin verða fjármögnuð með 100 % lánveitingu frá Lánasjóði sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að ganga frá og undirrita skuldabréf vegna kaupanna. Fjárfestingin rúmast ekki innan fjárhags- og fjárfestingaáætlana. Vísað til viðauka á fjárhags- og fjárfestingaáætlunum.
7. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016. Máli frestað.
8. Þverun Fossár vegna jarðstrengs. Lagt fram til kynningar. Um ræðir tilfærslu á rafstreng. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við verkefnið.
9. Reykholtslaug. Umræður um samninga.
10. Bókun vegna frumvarps til laga um útlendinga þingskjal 1180 – 728 mál. „68 gr. dvalarleyfi útlendinga. Útlendingastofnun skal láta í té nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu og er henni heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki milli-göngu og umsjón með vistráðningum. Hlutverk slíkrar stofnunar eða fyrirtækis skal nánar útfært í reglugerð. Ráðherra mælir í reglugerð fyrir um það hvaða reglur skuli gilda um dvöl samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal um það sem fram skal koma í samningi um vistráðningu, skilyrði sem útlendingur og viðkomandi vistfjölskylda þurfa að uppfylla vegna dvalarinnar, svo sem um ábyrgð vistfjölskyldu á heimferð, vasapeninga hins vistráðna, frítíma og vinnutíma sem að hámarki má vera 30 klst. á viku“
Sveitarstjórn hvetur ráðherra til að setja skýra reglugerð sem fyrst er taki á málinu. Það er báðum aðilum til hagsbóta að skýrt sé kveðið á um réttindi og skyldur og að tilheyrandi upplýsingar séu aðgengilegar.
11. Stefna húsnæðismálum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lagt var fram eftirfarandi erindi undirritað af Höllu Sigríði Bjarnadóttur : Ég legg fram þá tillögu að sveitarstjórn móti stefnu hvað varðar kaup á fasteignum, stefnu um hvaða fasteignir sveitarfélagið ætlar að eiga og stefnu um útleigu á þeim fasteignum sem sveitarfélagið á. Sveitarstjóra falið að vinna samantekt um fasteignir sveitarfélagsins fyrir næsta sveitarstjórnarfund.
12. Erindi frá Ragnari Ingólfssyni og Guðbjörgu Bjarnadóttur um kaup á landi Heiðargerðis. Lagt var fram erindi frá Ragnari og Guðbjörgu þar sem þau óska eftir viðræðum við sveitarfélagið um kaup á landi því sem tilheyrir Heiðargerði.

Landnr. 186572. 3,9 hektarar að stærð. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að hefja viðræður við Ragnar og Guðbjörgu um sölu á landinu.

Fundargerðir- Skipulagsmál

13. Fundargerð 109. fundar Skipulagsnefndar. Mál 23 þarfnast umfjöllunar. Mál 23. Húsatóftir 2 lóð 2 lnr 222395. Húsatóftir 2 a-c 1604035: Stofnun lóðaskipting í fjórar lóðir stærð 7,508,4 m² hver. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna, með fyrirvara um að aðkoma að lóðunum verði sýnd á uppdrætti. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við landskipti skv 13 gr. jarðarlaga.
14. Aðalskipulagsbreyting Hraunvellir. Aðalskipulagsbreyting lögð fram að lokinni auglýsingu þar um. Hún felur í sér breytingu á lóð í þjónustu og verslunarlóð. Aðalskipulagsbreyting staðfest.
15. Fundargerð 16. Fundar Menningar og æskulýðsnefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt.
16. Fundargerð 11. fundar Umhverfisnefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt. Sveitarstjórn lýsir ánægju með umhverfisdaginn sem haldinn var 9 apríl sl og færir Umhverfisnefnd þakkir fyrir framtakið.
17. Fundargerð 10. fundar Atvinnumálanefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt.
18. Aðalfundur Skipulags- og byggingafulltrúa BS. Fundargerð lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framkomnar breytingar á gjaldskrá Skipulags – og byggingafulltrúa.
19. Fundargerð Skólanefndar Flúðaskóla. Fundargerð lögð fram og kynnt.
20. Fundargerð 11. Fundar stjórnar Skóla – og velferðar-þjónustu. Árnesþings. Fundargerð lögð fram og kynnt.
21. Fundargerð Skólanefndar 21. fundur Grunnskólamála. Fundargerð lögð fram og kynnt.
22. Fundargerð Skólanefndar 22. fundur Leikskólamála. Fundargerð lögð fram og kynnt.

Samþykktir -samningar

23. Samþykktir Skipulags- og byggingafulltrúa. Síðari umræða. Samþykktir lagðar fram. Sveitarstjórn samþykkir samþykktirnar samhljóða fyrir sitt leyti.
24. Samningur við Íslenska Gámafélagið tímabundin framlenging. Samningur staðfestur.
25. Samningur um eftirlit við byggingu Búrfells 2. Samningur lagður fram. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

Mál til umsagnar

26. Málefni heilbrigðiseftirlits, til umsagnar að beiðni SÍS. Bréf frá Sambandi sveitarfélaga undirritað af Guðjóni Bragasyni. Bréf lagt fram og kynnt.
27. Samgönguáætlun 2015-2018. Þingmál 638. Til umsagnar. Sveitarstjórn undrast að ekki sé gert ráð fyrir því í samgönguáætlun 2015-2018 að fjármagn verði lagt í umbætur á vegakerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ástand vega í sveitarfélaginu er engan veginn á-sættanlegt og krefst þess að samgöngunefnd Alþingis og aðrir sem fara með

ákvörðunarvald í vegamálum gefi hið allra fyrsta skýringar á því hvers vegna ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum í umbætur í þessum efnum.

Styrkir

28. ASÍ – Vinnan Beiðni um stuðning. Erindi hafnað.

Annað

29. Erindi frá eigendum Norðurgarðs og Björnskots. Í erindinu eru kynnt skógræktar áform. Lagt fram og kynnt.

30. Fornleifaskráning tilboð. Lagt fram tilboð frá Forleifaskráningu Íslands undirritað af Elínu Hreiðarsdóttur um skráningu fornleifa sveitarféluginu. Ákveðið að leita eftir verðtilboða í verkefnið.

31. Erindi frá eigendum húsa á Flötum. Lagt fram erindi frá eigendum sumarhúsa í bústaðahverfi á Flötum ofan við Árneshverfi. Þar sem gerðar eru athugasemdir við umgengi og ástand á tilteknum lóðum í hverfinu. Sveitarstjóra falið að ræða við byggingafulltrúa og hlutaðeigandi.

32. Beiðni um umsögn um gististað frá sýslumanninum á Suðurlandi. Undirrituð af Agli Benediktssyni vegna Húsatófta 1C. Eigandi Einar Harðarson. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.

33. Erindi frá Landgræðslu. Lagt fram erindi frá Landgræðslunni, undirritað af Sigbrúði Jónsdóttur. Þar er óskað eftir leyfi til rannsókna á Gnúpverjafrétti. Í rannsókninni er gert ráð fyrir að girða af lítil hólf og kanna áhrif beitarfriðunar. Sveitarstjórn óskar eftir því að Landgræðsla geri grein fyrir um hvað stór hólf er að ræða og til hvað langs tíma þau eigi að standa og hvar eigi að staðsetja þau.

Mál til kynningar :

- A. Fundur Fagráðs tónlistarkennara nr. 176.
- B. Afgreiðslur byggingafulltrúa 13.04.2016.
- C. Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga
- D. Ársskýrsla og samþykktir HSK
- E. Kynningarbréf hreyfivika.
- F. Skipulagsstofnun. Varðar umsögn vegna byggingar á Hæli.
- G. Frumvarp nr. 1180 til laga um útlendinga
- H. Frumvarp nr. 449 um stofnun umboðsmanns Útlendinga.
- I. Málþing Upplstrarkeppni
- J. Skýrsla Bjsv Sigurgeir
- K. Fundargerð Heilbrigðisnefndar nr. 171.

Fundi slitið kl 18:00.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn miðvikudaginn 1. júní næstkomandi kl 14:00.

Sveitarstjóra hugleiðing

Fátt veit ég betra en njóta lystisemda vorsins. Ilmurinn af gróðrinum sem verður grænni með hverjum deginum og að fylgjast með lömbunum leika við hvern sinn fingur kallar fram ljúfar tilfinningar. Síðustu vikurnar hafa verið tíðindasamar í íslenskri pólitík hér á landi og hefur verið áhugavert að fylgjast með.

Ekki er síður spennandi að fylgjast með því ferli sem fylgir því að velja nýjan þjóðhöfðingja. Með nýjum forseta í sumar og með nýrri ríkisstjórn sem mun taka við völdum áður en árið er liðið munu vafalaust fylgja einhverjar breytingar í íslensku þjóðlífi og ríkisbúskap. Varla fer hjá því að með með einum eða öðrum hætti munum við íbúar landsins finna fyrir einhverjum breytingum í kjölfar þess. Kannski verða breytingarnar svo litlar að við munum ekki skynja þær. Ég held að það sé kostur að vita ekki of mikið um framtíðina. Íbúar þessa lands búa vel flestir við sémileg skilyrði. Ekki þó allir. Hver og einn þarf lágmarksfjölda af krónum til að draga fram lífið hvern mánuðinn, það er dýrt að vera til. Það er dýrt að reka sveitarfélag.

Við sem höldum utan um rekstur sveitarfélagsins fundum mjög fyrir auknum kostnaði á síðasta ári. Þá sömu sögu hygg ég að sé hægt að segja í mjög mörgum sveitarfélögum. Það eru mér mikil vonbrigði að horfa á rekstrarniðurstöðu ársins. En staðreyndin er sú tap varð á rekstri sveitarfélagsins sem nam um 12,9 milljónum króna á árinu 2015. Veit ég allmörg dæmi um að niðurstöður sveitarfélaga sé fjarri því að standast vonir.

Heildartekjur námu 500,5 milljónum króna til samanburðar voru tekjur 506,4 mkr árið 2014. Rekstrargjöld námu 489,1 mkr. Þar af námu laun og tengd gjöld 203,8 mkr. Launaliðurinn er því að hækka um 25,3 mkr frá 2014. Það samsvarar 14,2 % hækkunar. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 11,4 milljónum króna, það er svo kölluð ebita. Með öðrum orðum þeir peningar sem standa eftir áður en kemur til fyrninga og fjármagnsgjalda. Eins og áður segir var endanleg niðurstaða 12,9 milljónir króna tap. Engu að síður er eignastaða sveitarfélagsins mjög sterk. Eigið fé samkvæmt ársreikningi nemur 547,5 milljónum króna.

Skuldahlutfall er 27 % og eiginfjárhlutfall 81 %. Er það með því hagstæðasta sem þekkist meðal sveitarfélaga.

Það er eðlilegt að spurt sé hvað valdi þessari slöku rekstrarniðurstöðu.

Ég hef þegar bent á tekjur voru undir því sem búist var við og Launakostnaður jókst verulega. Kostnaður við samlög hefur vaxið mikið, svo sem vegna skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlits, ferðamálafulltrúa, málefna fatlaðra svo nokkuð sé nefnt. Fasteignir sveitarfélagsins eru miklar miðað við stærð og kallar það á mikinn kostnað í rekstri og viðhaldi. Tekjur af eignunum eru almennt rýrar í samanburði við rekstrar- og viðhaldskostnað. Minni sérstaklega á sundlaugarnar tvær í því sambandi. Það hefur tíðkast um langt skeið stilla gjaldskrár sveitarfélagsins mjög í hóf. Eru þær í mörgum tilfellum mun lægri en gerist meðal nágrannasveitarfélaga. Að sama skapi er haldið uppi mikilli þjónustu við unga og aldna íbúa. Það gefur augaleið að leita þarf leiða til að hagræða í rekstri sveitarfélagsins. Ég vonast samt til að þjónustustigið geti áfram haldist hátt.

Hér að neðan má sjá niðurstöður helstu málaflökka.		
Kostnaður við málaflökka í þúsundum króna	2015	2014
Félagsþjónusta	31.540	28.538
Fræðslumál - ma. Allur rekstur leik - og grunnskóla auk tónlistarskóla	257.097	228.723
Menningarmál- m.a. rekstur félagsheimila, bókasafns styrkir til félaga og kóra	38.655	39.810
Æskulýðs- og íþróttamál ma. Rekstur sundlauga, vinnuskóli, íþróttastyrkir	37.681	35.170
Brunavarnir Almvarnir - Gjald til brunavarna Árnessyslu, styrkir til Björgunarsveitar	13.087	11.050
Hreinlætismál - sorpþjónusta, dýraeftirlit, heilbr. Eftirlit	14.056	12.920
Skipulagsmál- Kostnaður við skipulag, skipulags- og byggingafltr. Tæknisvið	7.953	9.593
Umferðar- og samgöngumál- Snjómokstur, götulýsing og fleira	9.161	9.639
Umhverfismál- Sláttur, kirkjugarðar, refa- og minkaeyðing, landgræðsla	6.046	5.288
Sameiginlegur kostnaður- Rekstur skrifstofur, kostnaður við sveitarstjórn, endurskoðun, samtök sveitarfélaga, innheimta	65.170	62.854

Ekki er markmið í rekstri sveitarfélaga að safna digrum sjóðum. Engu að síður hlýtur reksturinn að þurfa að skila afgangi sem dugar til viðhalds og einhverra lágmarksframkvæmda. Þó síðasta ár hafi verið þungt í rekstri er engin ástæða til að fara í svartsýnisgryfju. Í ljósi sögunnar skiptast á skin og skúrir.

Ég hef mikla trú á sveitarfélaginu og þeim mannaði sem hér býr. Sveitarfélagið hefur góða möguleika til að þrífast og dafna um ókomin ár. Hér eru ekki síður en annarsstaðar tækifæri í atvinnuuppbyggingu, svo sem í ferðaþjónustu. Allt bendir til að Búnaðarfélag Gnúpverja muni innan tíðar hefja framkvæmdir við byggingu iðnaðarhúsnæðis. Hluti þess verður væntanlega keyptur undir slökkvistöð fyrir svæðið og hefur sveitarfélagið samþykkt að kaupa 80 m² hluta undir áhaldahús. Aðrir hafa sýnt áhuga á rými í húsnæðinu. Ég vona að af þessu framtaki hljótist framfarir.

Helgina 18.-19. júní verður staðið fyrir byggðahátíð hér í Sveitarfélaginu og hefur hún fengið nafnið „Uppsprettan“ það er Menningar- og æskulýðsnefnd sem hefur veg og vanda að undirbúningnum. Vonast ég til að sjá þar sem flesta.

Það sem þar verður í boði lofar góðu og verður þessi viðburður eflaust okkur öllum til sóma.

Ég óska ykkur öllum góðra stunda á komandi sumri.

Kristófer Tómasson.

Leikhópurinn Lotta

Miðvikudaginn 6. apríl var nemendum í 1.-4. bekk boðið að koma á leiksýningu í Leikholt, hjá Leikhópnum Lottu. Þar sýndu ævintýra-

persónurnar Hrói Höttur, Þynirós og Bárður okkur brot af því besta úr ýmsum leiksýningum og mikið var um gleði söng og sprell. Eftir sýninguna fengu börnin að knúsa sína uppáhalds ævintýrapersónu. Takk fyrir að bjóða okkur Leikholt.



Vinaverkefni 1.- 4. bekkur

Á yngsta stigi er mikil áhersla á samskipti, jákvæðni og vináttu og er jákvæðri hegðun nemenda fylgt eftir með hrósveggnum. Í apríl ákváðum við síðan að hafa átak þar sem markmiðið var að minna okkur á að vera jákvæð og góðir vinir í skólanum. Allir nemendur og umsjónarkennarar í 1. - 4. bekk tóku þátt í verkefninu sem fól í sér að allir fengu armband og söfnuðu á það jákvæðni og vináttuperlum. Í lok hvers dags var farið yfir hvernig gekk og ein perla fékkst fyrir hvern dag sem gekk vel.

Fengu hjólahjálma að gjöf

Nemendurnir í 1. bekk Þjórsárskóla fengu á dögnum hjólahjálma að gjöf frá Kiwanishreyfingunni og Eimskipafélaginu. Í framhaldi af þessu má minna á að nú eru börn á öllum aldri farin að vera meira á hjólum í vorblíðunni og mikilvægt er að þau noti



alltaf hjálm, hann sé rétt stilltur og að hann sitji rétt á höfði barnanna. Hér er linkur á góða leiðbeiningasíðu um hjálma:

<https://www.landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf>

Nemendur í 2. bekk íslenski fáninn

Nemendur í 2. bekk fengu íslenska fánann að gjöf frá Bandalag íslenskra skáta. Honum fylgdi bæklingur sem felur í sér fræðslu um sögu fánans, fánareglur, meðferð fánans og notkun hans.

Brúum bilið – heimsóknir milli Leikholts og Þjórsárskóla

Yfir skólaárið kemur skólahópur leikskólans í reglulegar heimsóknir til 1.-2. bekkjar með kennaranum sínum.

Unnið er með þema í þessum heimsóknum þar sem fléttuð er saman kennsla í mörgum námsgreinum. Fyrir áramót unnum við með þema um hafið og sjávardýrin og eftir áramót unnum við með þema um ævintýri. Skóladagurinn byrjaði alltaf á spennandi framhaldssögu tengdri þemanu. Með þessari samfelli milli skólastiga skapast öryggi hjá verðandi skólabörnum og vinatengsl myndast hjá þeim yngri og eldri.

Sömuleiðis fær starfsfólk skólans gott tækifæri til að kynnst leikskólabörnunum og mynda við þau tengsl.

Vinnan nú í vetur hefur gengið afskaplega vel og það er virkilega gaman að fá jafn gott tækifæri sem þetta til að kynnst hvert öðru og njóta samvista.

Kveðja, Hilja og Kristín.



Ferð nemenda í 6.-7. bekk á Reyki 18.- 22. apríl

Víkuna 18-22 apríl fóru 6. og 7. bekkur í skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði. Með þeim í för voru Hafðís og Hrafnhildur. Þar voru tveir aðrir skólar líka á sama tíma. Ekki var hefðbundin kennsla heldur var nemendum skipt í hópa sem unnu mismunandi verkefni. Það var náttúrufræði, íþróttir, sveit og saga og byggðasafn. Á kvöldin voru kvöldvökur og síðasta daginn diskótek. Við vorum einstaklega heppin með veður en það var milt og sólskin. Við tókum þátt í hárgreiðslukeppni þar sem stelpur greiða strákum og komumst áfram með tvo nemendur í 8 manna úrslit og áfram í 4 manna úrslit. Við áttum líka verðlaunahafa í borðtennis en borðtennismeistari Skólabúðanna var Auðunn Magni Björgvinsson og Guðný Vala Björgvinsdóttir var í 3. sæti.

Óhætt er að segja að nemendur voru skólanum okkar til mikils sóma.

Takk fyrir samveruna krakkar. Hafðís og Hrafnhildur.



Glaðir ferðalangar úr Þjórsárskóla sem fóru að Reykjum 2016

Skógarferðir 22. apríl og 4. maí

Reglulega
föllum við með
nemendum í úti-
kennslu inn í
Þjóðskóginn í
Þjórsárdal.

Þar er unnið að verkefnum tengdum ákveðnum markmiðum eða þema hverju sinni. Föstudaginn 20. apríl föllum við inn í skóg. Unnið var út frá þema um tröll og nemendum var skipt í hópa eftir aldri, sagðar voru sögur og allir fengu að búa til sitt tröll úr efniviði skógarins. Nemendur elsta hóps í leikholti voru með okkur í ferðinni sem var mjög skemmtilegt.



Miðvikudaginn 4. maí var þemað í skógarferðinni stærðfræði. Nemendur í 1.-2. bekk bjuggu til mynstur og hönnuðu fjársjóðskort. Nemendur í 3.-4. bekk fóru í margföldunar-boðhlaup og unnu verkefni um mælingar og nemendur í 5.-7. bekkur unnu verkefni í mælingum og rúmfræði.

Bestu kveðjur
Bolette og Kristín.





Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjöd. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Frá og með miðvikudeginum **10. febrúar**
breytist áætlun Landflutninga í Árnassýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnepsings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnepsings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is



Í Leikholti er alltaf gaman og mikið um að vera. Í apríl

héldum við upp á okkar árlegu Árshátíð síðasta vetrardaginn þann 20. apríl. Við buðum Þjósárskóla að koma um morguninn á general prufu. Það var mjög gaman að taka á móti þeim og þau voru svo stillt og áhugasöm að horfa á leikskólabörnin sýna atriðin sín. Við þökkum Þjósárskóla kærlega fyrir komuna. Seinni partinn sama daga komu í salinn foreldrar, ömmur og afar, systkini og vinir að horfðu á öll leikskólabörnin sýna atriðin sín og stoppuðu svo við og gæddu sér á veitingum og þáðu kaffi ásamt að skoða



General prufan

ART veggspjöldin sem var búið að setja á veggina í salnum. Við þökkum öllum þeim sem komu til okkar á Árshátíðina. Gaman er líka að segja frá því að þann 26. maí verður Vorhátíð haldin í leikskólanum af foreldrafélagi leikskólans. Aðalatriði Vorhátíðar er útskrift elstu barnanna og átthagakynning þeirra. En þar verður einnig boðið upp á pylsur, andlitsmálningu, þrautabraut og fleira og einnig fær leikskólinn afhent ART vottun, sem þýðir að í þessum leikskóla fá alltaf tveir elstu árgangarnir ART þjálfun og ART er hluti af menningu skólans.

Kær kveðja frá öllum í Leikholti.



Fréttir af aðalsafnaðarfundum Stóra-Núpskirkju og fleiru.

Mæting er aldrei mikil á þennan fund en samt komu nokkur sóknarbörn og er þeim þakkað innilega fyrir að sýna kirkjunni sinni áhuga á þessum vettvangi.

En á fundinum kom fram að ákveðið var innan prestakallsins að skóknirnar styrktu Skálholtskirkju, um 150.000- kr, til kaupa á hljóðkerfi.

Messur og aðrar athafnir voru til samans 51 á árinu í Hrunaprestakalli.

Barnaguðþjónustur 22 og þar með taldar heimsóknir í skóla. Aðrar helgistundir 18. Skírnir 22, útfarir 16 þar af 9 í prestakallinu. Brúðkausathafnir voru 9.

Útímessu var haldin í Steinsholti í júní. Hestamannamessa var í ágúst og báðar messur vel lukkaðar. Alltaf eru allir velkomnir í kirkjuna okkar að Stóra-Núpi.

Lagðar voru fram nýjar reglur um umgengi í kirkjugarðinum undir atkvæði og voru þær samþykktar samhljóða. Reglurnar verða sendar á öll heimili í sókninni og einnig verða þær bráðlega aðgengilegar á www.hruni.is og á [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Sóknarnefnd skipa:

Daði Viðar Loftsson ritari	2015-2019
Kristjana Heyden Gestsdóttir form.	2015-2019
Ámundi Kristjánsson gjaldk.	2013-2017

Varamenn:

Árdís Jónsdóttir	2015-2019
Hrafnhildur Ágústsdóttir	2015-2019
Einar Bjarnason	2013-2017

Skoðunarmenn til eins árs:

Ari Einarsson
Helga Kolbeinsdóttir

Til vara:

Sigurður Loftsson
Haukur Haraldsson

Kirkjukórar Ólafsvalla og Stóra-Núps sungu við messu hjá sr. Eiríki Jóhannssyni fyrrv. sóknarpresti á uppstigningardag 5. maí s.l. í Háteigskirkju. Sr. Eiríkur minntist sr. Valdirmars Briem á skemmtilegan og fallegan máta og öllum var boðið í glæsilegt messukaffi á eftir. Þetta var góð ferð og gaman að hitta þau Helgu og Eirík. Gleðilegt sumar. F.h. Sóknarnefndar Stóra-Núpskirkju. Kidda.



Umhverfisverðlaun í Skeiða-og Gnúpverjahreppi tilnefningar óskast.


Óskað er eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2016 sem veitt verða aðila, sem skarar fram úr á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála. Litið verður til þess hver ásýndin er þegar komið er að staðnum, meðferð úrgangs, hve vel staðið er að flokkun og endurnýtingu á rusli, efnanotkun, mengunarvarnir, hver staðan er í fráfrenslismálum og framlag til umhverfismála. Fleira verður tekið til skoðunar ef þurfa þykir. Þetta er einfalt, þið sendið ykkar tilnefningu og færið ykkar rök fyrir því af hverju viðkomandi ætti að hljóta þessi verðlaun.

Tilnefningar skulu berast skriflega til skrifstofu hreppsins í lokuðu umslagi, merkt Umhverfisverðlaun 2016 eða á netfangið

umhverfisnefnd@skeidgnup.is fyrir 20. maí.

Með kærri kveðju

Umhverfisnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps.



Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Minni á að ég hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi. Allir eru hjartanlega velkomnir, vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.



Tímamantanir í síma 863-0433.

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.

Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalda Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.



Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson



www.Hialin.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Fréttir frá félagi eldri borgara í Skeiða og Gnúpverjahreppi

Starfsemi félagsins á árinu 2015, var með líku sniði og undanfarin ár.

14 samverufundir voru haldnir í Bókasafnshúsinu á árinu. Á þessa fundi fengum við stundum góða gesti, annars sáu félagar sjálfir um skemmtiatriði.

Stjórnarfundir voru þrjár haldnir á árinu. Þorrablót héldum við á Hestakránni eins og við höfum gert undanfarin ár. Félagið stóð fyrir jógaæfingum á árinu, alls 14 skipti.

Sveitarstjóri bauð okkur heim í Árnes 28. apríl þar var myndasýning og góðar veitingar framreiddar.

Sveitarstjórn styrkir félagið okkar myndarlega með fjárframlagi kr. 225.000,- á ári auk þess að höfum við frí afnot af Bókasafnshúsinu.

Rosemarie B. Þorleifsdóttir og Kristín Bjarnadóttir fóru sem fulltrúar okkar á Landsþing L.E.B. sem haldið var 5.-6. maí í Kópavogi.

Félagið stóð fyrir einni leikhúserfð á árinu og við förum í tvær eins dags skemmtiferðir á árinu, sú fyrri var farin 10. júní og þá var farið um Kjalarnes, Kjós, fyrir Hvalfjörð og stoppað á áhugaverðum stöðum og farið á sýningu í Landnámssetrinu í Borgarnesi, 32 félagar fóru í þá ferð.

Seinni ferðin var farin 25. september, þá skoðuðum við Hellisheiðarvirkjun, fórum Nesjavallaleið til Þingvalla, þar skörtuðu haustlitirnir sínu fegursta. Komum að Geysi þar sem við fengum kaffihlaðborð síðan ekið að Gullfossi og þaðan ekið niður Hrunamannahrepp. Þessar skemmtiferðir heppnuðust vel.

Skráðir félagar í árslok 2015 voru 52 en gjaldskyldir félagar 40, það helgast af því að að þeir sem eru 90 ára og eldri og/eða dvelja á stofnunum eru gjaldfrjálsir og nýir félagar greiða ekki árgjald á árinu sem þeir ganga í félagið. Árgjald er krónur 2000,- Þrjár félagar létust á árinu og 7 nýir gengu í það.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 15. apríl síðast liðinn varð sú breyting á að Vilmundur Jónsson hættir sem formaður og Bjarni Ó. Valdimarsson var kosinn í hans stað. Aðrir í stjórn eru:

Erlingur Loftsson varaformaður, Kristín Bjarnadóttir ritari, Ólöf Sigurborg Ólafsdóttir gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir meðstjórnandi.

Ný framkvæmdanefnd var skipuð á fundinum, í henni eru:


Sigurður Björgvinsson, Rosemarie B. Þorleifsdóttir, Guðmundur Sigurðsson og Kjartan Georgsson. Þrjár nýir félagar hafa gengið í félagið síðan um áramót.

Skeiðháholti 28.apríl 2016

Vilmundur Jónsson.

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Á bak við eldavélina!

Það er Bolette Höeg Koch á Hæli 1 sem gefur okkur uppskriftir sínar.

Ég þakka Önnu í Hlíð fyrir að skora á mig. Ég ætla að koma með fiskuppskrift sem er oft notuð hjá okkur.



Uppáhaldsfiskréttur á Hæli

1,5 kg hvítur fiskur, t.d. ýsa, þorskur, lúða eða rauðspretta

2 dl skorinn laukur

1 msk. olía

1 dós tómatar (0,5 kg)

2,5 dl mysa eða hvítvín

2 heilar negulnálar

1-2 marðir hvítlauksgeirar

Salt og pipar

1 msk. maizenamjöl

12 ólífur

2 msk. steinselja

2 msk. kapers

Kveikið á ofninum og stillið á 200°C.

Steikið laukinn létt í olíu, bætið tómötum, mysu, negul og hvílauk út í. Sjóðið í 10-15 mín undir loki. Jafnið með maizenamjöli.

Bætið grófhökkuðum ólífum, hakkaðri steinselju og kapers við.

Salt og pipar eftir smekk. Takið negulinn upp úr.

Leggið fiskinn í fat og hellið sósunni yfir. Ef fatið hefur lok leggið yfir og setjið í ofninn í 45 mín. Grjón, brauð og salat með.

Glútenlaust brauð með fiskinum.

0,5 l vatn

1 dós hrein jógurt

Salt

1dl olía

Fræ og hnetur að vild

Eitt bréf þurrger (ef þið eigið súrdeig, er það best)

Ca 800 g glútenfrítt mjöl (fæst í matvörubúðum)

Ég ætla að biðja Kristínu í Ásum að gefa okkur uppskrift að einhverju sætu og góðu

Kær kveðja.

Bolette.



Tungnaréttir 10. september 2016

Í ljósi þess að sláturleyfishafar hafa gefið út að auknar álagsgreiðslur til sauðfjárþænda verða mestar frá 31. ágúst til 16. September, samþykktu sauðfjárþændur í Biskupstungum á fundi 29. apríl sl. að fjallreiðardagur verði laugardagurinn 3. sept og Tungnaréttardagur þ.a.l. laugardaginn 10. sept. Óbreyttar tímasetningar verða á seinni leitum. Stefnt er að því að Tungnaréttir verði eftirleiðis annan laugardag í september. Fjallskilanevnd Biskupstungna.

Störf í boði í Árnesi !

Óskum eftir að ráða starfsmann í gestamóttöku Þjórsárstofu í sumar. Þekking á svæðinu, tungumálakunnátta og gott viðmót mikilvægir kostir. Hlutastarf kemur til greina. Einnig leitum við að starfsmanni til að sinna tilfallandi störfum á tjaldsvæði og veitingasal. Hlutastörf um helgar einnig í boði.

Heimamenn og nærsveitarmenn eru hvattir til að skoða þennan möguleika.

Frekari upplýsingar fást hjá Rósu í síma 664-6555 eða á netfangið

rosa@arnesferdamenn.is



Menn og málefni!

Gísli Viðar Oddsson frá Stöðulfelli og Sigrún Jensdóttir, Selfossi eignuðust sitt fyrsta barn þann 19. apríl sem er stúlka. Hún vó 2.735 gr. og var 49 cm. Móður og barni heilsast vel og fjölskyldan býr á Selfossi.



Guðmundur Valur Viðarsson frá Ásum og eiginkona hans Gunnþóra Elín Erlingsdóttir, Reykvíkingur eignuðust stúlku þann 22. apríl, hún vó 4.108 gr. og 53 cm. Þetta er annað barna þeirra, en fyrir er hún Halla Bryndís sem verður fjögurra ára í júlí og fjölskyldan býr í Reykjavík.

Við óskum fjölskyldunum innilega til hamingju með litlu prinsessurnar sínar.

Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir í Vestra-Geldingaholti var kosin Kvenfélagskona ársins á ársfundi SSK (Samband sunnlenska kvenna) er hún vel að þeim titli komin því hennar skerfur til kvenfélagsstarfsins hefur verið mikill alla tíð og hlaut hún kökukéflíð, sem er farandgripur og svo heiðurskjal til eignar og blómvönd. Innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu Rosemarie.



Gnúpverjar eru Íslandsmeistarar 3. deildar karla í körfubolta í ár. Þeir lögðu lið Laugdæla í úrslitaleik deildarinnar sem fram fór fram föstudaginn 22. apríl. Lokatölur urðu 78-72. Þeir munu leika í 2. deild að ári. Hér fylgja hamingjuóskir með glæsilegan árangur til ykkar allra strákar. ☺

Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin fyrir útvistarfólkið og í jólapakkann... ☺

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Nú er sumarið komið

...eða hvað?

UniversalSchale

Steinefnafata fyrir sauðfé



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 tóttu 8 L



Lamba-mjólkurduft



6 tóttu 8 L



Merkilítir sprej 500 ml.

Litir: Blár - Rauður - Grænn

Merkilítir (stíkk)

Litir: Blár - Fjólublár - Grænn - Gulur - Orange - Rauður - Svartur

Lambapeli 1 líter



"Klaufa" klippur



Skammtasprautur



Inngjafasprautur



Sáðvörulistinn 2016

Yrki	kg/ha	kg/sekk	Verð pr/kg án vsk.
Vallarfoxgras			
Vega	25-30	25	659
Grindstad	25-30	25	715
Tuukka	25-30	25	645
Vallarsveifgras			
Miracle	25-30	25	770
Vingull			
Túnvingull Gondolin	25-30	25	580
Hávingull Pradel	25-30	25	790
Grasfræblöndur			
Stólpablenda I Fyrir kýr*	25-30	25	715
Stólpablenda II Fyrir fé og beiti**	25-30	25	730
Stólpablenda III Hávingulsblenda***	25-30	25	790
Fjólært rygresi			
Mathíde	25-30	25	435
Sumarrygresi			
Barígra	25-30	25	387
Vetrarrygresi			
Barnultra	25-30	25	385

Yrki	kg/ha	kg/sekk	Verð pr/kg án vsk.
Sumarrepja / Vetrarrepja / Fóðurnæpa			
Sumarrepja Pluto	10-18	10	1.050
Vetrarrepja Barcolí	8-10	25	465
Vetrarrepja Akela	8-10	25	395
Fóðurnæpa Samson	1,5	1	930
Hafnar			
Domenic	180-200	50/500	115
Cilla	180-200	30	110
Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári			
Ertur Javlo	200-225	500	155
Hestabaunir Colombo <i>NYJUNG</i>	180-200	25	190
Hvítsmári Rívanfel	5-6	10	1.250
Rauðsmári Suez	5-6	10	1.645
Bygg 6 raða			
Aukusti 6 raða	180-200	700/30	110
Fílippa 2ja raða	180-200	700	115
Tamtam 2ja raða	180-200	50	105
Salome 2ja raða	180-200	700 / 30	110
Vorhveiti			
Vorhveiti Amarettó	180-200	500	135
Vorhveiti KWS Bittern	180-200	500	130



NÝJUNG HESTABAUNIR

Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldar mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgæðbar. Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænifóðri um nokkurt skeið með góðum árangri. Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsæði síðastliðin ár og uppskorið sterkja- og próteínríkt fóður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti íslenskum aðstæðum.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfossi
Sími 480 5600

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500



Neslaug opin:

Miðvikudaga kl. 18—22

Laugadaga kl. 12—18

Skeiðalaug opin:

Fimmtudaga: kl. 18 — 22

Mánudaga kl. 18 — 22

Verðskrá:

Fullorðnir: 14 – 69 ára700 kr.
Adults 14 – 69 years old

10 miða afsláttarkort4.000 kr.
10 tickets discount card

20 miða afsláttarkort.....6.000 kr.
20 tickets discount card

Börn: 8– 13 ára400 kr.
Children 8 – 13 years old

10 miða afsláttarkort 2.000 kr.
10 tickets discount card

Sundföt – leiga 500 kr.
Swimwear

Handklæði – leiga500 kr.
Towel

Vörur tengdar sundi
seldar í afgreiðslum
lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er 10 mínútna
akstur á milli
lauganna.

Frítt í sund fyrir 18
ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitar-
félaginu.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.



**Neslaug og
Skeiðalaug eru á**

facebook Fylgist með
þar ☺



Eyþór Brynjólfsson.
Umsjónarmaður sundlauga.